



Dagsetning: 28. mars 2023
Málsnúmer: 2205294/0.1

Til bæjarráðs - bæjarstjórnar

MINNISBLAÐ

um breytingar á samþykkt um stjórn og fundarsköp bæjarstjórnar Fjarðabyggðar.

Lagðar eru til fjórar breytingar á samþykkt um stjórn Fjarðabyggðar vegna breytinga á barnaverndarlögum, starfsheitum á umhverfis- og skipulagssviði og heimildum skipulags- og umhverfisfulltrúa til að afgreiða lóðarúthlutanir og endurnýjun lóðarleigusamninga. Breytingar eru lagðar fram í sjálfstæðum viðauka við samþykktina.

Í fyrstu grein viðaukans er lögð til breyting sem leiðir af breytingum á barnaverndarlögum sem tóku gildi 1. janúar 2023. Breytingar á I. lið 62. gr. samþykktanna fela í sér að barnaverndarnefnd er felld niður og við nýju hlutverki sbr. 12. og 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, með síðari breytingum tekur félagsmálanefnd.

Ný málsgrein bætist við II. kafla 62. gr. sem fjallar um aðild að sameiginlegu umdæmisráði barnaverndar og skipun þess ásamt samstarfs Fjarðabyggðar og sveitarfélagsins Hornafjarðar.

Í annarri grein eru lagðar til breytingar á viðaukum 1.1 og 1.8. við samþykktina þar sem leiðrétt er vísun til starfsheita. Þá er felld niður fullnaðarumboð umhverfis- og skipulagsnefndar til að afgreiða endurnýjun lóðarleigusamninga og færast það til skipulags- og umhverfisfulltrúa. Afgreiðslur skipulagsfulltrúa eru lagðar fyrir umhverfis- og skipulagsnefnd til kynningar.

Milli umræðna hefur verið gerð breyting á drögunum þar sem fellur úr tillaga um heimild tiltekinna starfsmanna til fullnaðarafgreiðslu mála hjá barnaverndarþjónustu Fjarðabyggðar. Samningur um samstarf sveitarfélaganna um barnaverndarþjónustu ásamt samþykkt um fullnaðarumboð til sviðsstjóra fjölskyldusviðs og stjórnanda barnaverndar og félagsþjónustu er afgreiddur sérstaklega með tveimur umræðum í bæjarstjórn og fellur ekki undir almenna viðauka við samþykkt sveitarfélagsins.

Gunnar Jónsson

Bæjarritari

